

Ísafjarðarbær

# Heildarendurskoðun Aðalskipulags

Skipulagslýsing

ARKÍS arkitektar  
19.03.2020

## Efnisyfirlit

1	Heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020.....	2
1.1	Aðdragandi.....	2
1.2	Skipulagssvæðið.....	3
1.3	Ástæður og tilgangur.....	3
1.4	Umsjón.....	3
2	Forsendur.....	4
2.1	Fyrirliggjandi stefna.....	4
2.2	Húsnæðisáætlun.....	5
2.3	Umfang breytinga.....	6
3	Aðrar áætlanir.....	7
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	7
3.1.1	Viðfangsefni og leiðarljós landsskipulagsstefnu.....	7
3.2	Samgönguáætlun 2011-2022.....	7
3.3	Rammaáætlun.....	8
3.4	Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.....	8
3.5	Umhverfisevntun Vestfjarða (Earth Check).....	8
3.6	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	8
3.7	Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.....	8
3.8	Byggðaáætlun 2018-2024.....	8
3.9	Fjarskiptaáætlun 2019-2023.....	8
3.10	Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028.....	9
3.11	Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum 2019-2023.....	9
3.12	Aðalskipulagsáætlanir nágranna sveitarfélaga.....	9
4	Helstu viðfangsefni og áherslur.....	10
5	Umhverfismat.....	11
6	Samráð og kynningar.....	12
7	Tímaferli og áfangar.....	13

## 1 Heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2. 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3. 2010. Frá gildistöku þess hafa ákveðnar forsendur breyst auk þess sem unnið er að undirbúningi framkvæmda sem voru ekki til umræðu eða á dagskrá í núgildandi skipulagi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti á fundi sínum þann 27. júní 2018. Að hefja vinnu við heildarendurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Bæjarráð staðfesti sem starfandi bæjarstjórn, fundargerð skipulags- og mannvirkjanefndar þann 2. Júlí. 2018.

Í janúar 2019, var ákvörðunin tilkynnt á heimasíðu sveitarfélagsins þ.e.a. bæjarráð sem starfandi bæjarstjórn hefði samþykkt að hefja heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Þann 18.12. 2019 voru drög að skipulagslýsingu kynnt skipulags- og mannvirkjanefnd Ísfjarðarbæjar. Breytingin sem þar er fjallað um er veruleg, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin var unnin skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### 1.1 Aðdragandi

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.

Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa ný skipulagslög nr. 123/2010 verið samþykkt og gefin hefur verið út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 á grunni nýju laganna. Með hliðsjón af nýrri löggjöf, mun gildandi Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 breytast m.t.t. framsetningar og efnistaka. Gerð aðalskipulags fellur undir lög um mat á umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem kveðið er á um að umhverfisáhrif aðalskipulagsins séu metin.

Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Ákvörðun sveitarstjórnar skal að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir.”

Í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga samþykkti bæjarráð sem starfandi bæjarstjórn þann 2. júlí 2018 að hefja vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Jafnframt var ákvörðun bæjarráðs, sem starfandi bæjarstjórn, tilkynnt Skipulagsstofnun með bréfi dags. 23. janúar 2019.

## 1.2 Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Ísafjarðarbæjar, Mörkin liggja frá Geirólfsnúpi í norðri að Langanesi í Arnarfirði í suðri. Að undanskyldu landi Bolungarvíkurkaupstaðar. Um er að ræða tvö svæði sem eru aðskilin landfræðilega, þ.e. norðan djúps og sunnan djúps. Í sveitafélaginu eru þéttbýliskjarnarnir eftirfarandi, þ.e. Ísafjörður í Skutulsfirði, Suðureyri við Súgandafjörð, Flateyri við Önundarfjörð, Þingeyri við Dýrafjörð og Hnífsdalur.

Sveitarfélagið er 2.397,3 km<sup>2</sup> að flatarmáli og íbúafjöldi var 3.800, 1.janúar 2019.



Mynd 1: Ísafjarðarbær (heimild: Wikipedia)

## 1.3 Ástæður og tilgangur

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er áætlun sem nær til ársins 2020. Vinna við heildarendurskoðun tekur 2-3 ár. Vinna við endurskoðun þarf að hefjast sem allra fyrst. Endurskoða þarf spár um íbúapróun til samræmis við núverandi stöðu og horfur, m.a. vegna breytinga í atvinnuháttum s.s. m.t.t. aukningar í ferðamannaíðnaði, fiskeldis og tækniíðnaði. Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa ný skipulagslög 123/2010 verið samþykkt og gefin verið út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 á grunni laganna. Í endurskoðuðu aðalskipulagi verða nokkrar breytingar m.t.t. framsetningar og efnistaka frá því sem sett var fram í gildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, jafnframt fellur aðalskipulagsgerð undir umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ennfremur hefur Landsskipulagsstefna 2015-2026 verið staðfest

Tilgangur endurskoðunar er að aðalskipulagið gefi sem gleggsta mynd af stöðu Ísafjarðarbæjar og stefnu bæjarstjórnar í skipulagsmálum með viðtæku samráði við almenning og með öðrum hagsmunaðilum til framtíðar í sátt við

- Samfélag
- Náttúru og landslag
- Atvinnuþróun og þjónustu
- Félags- og velferðarmál
- Menningu
- Útivist

## 1.4 Umsjón

Ísafjarðabær hefur samið við ARKÍS arkitekta um skipulagsráðgjöf við endurskoðun aðalskipulagsins. ARKÍS arkitektar munu vinna endurskoðunina í samvinnu við skipulagsfulltrúa og Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar.


## 2 Forsendur

### 2.1 Fyrirliggjandi stefna

Aðalskipulag- Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var fyrsta aðalskipulagið sem til tók til alls lands sveitarfélagsins. Leiðarljós gildandi aðalskipulags er: „...að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannaúði sem er til staðar. Áhersla er lögð á að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.“

Aðalskipulag-Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er sett fram í:

- greinargerð ásamt viðaukum
- sveitarfélagsuppdrætti - sunnan Djúps
- sveitarfélagsuppdrætti – norðan Djúps
- þéttbýlisuppdrætti fyrir Þingeyri, Hnífsdal, Flateyri, Suðureyri og Ísafjörð



Mynd 2: uppdrættir aðalskipulags 2008-2020

Síðari breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 eru eftirfarandi:

- Íbúðasvæði Í29 á Suðureyrarmölum
- Þverárvirkjun, Öfundarfirði
- Kaldárvirkjun, Öfundarfirði
- Stækkun miðsvæði M4 Ísafirði
- Mjólkárviðskun
- Torfnæs, íþróttahús
- Sæborg, Garðar, F41
- Naustahvilt Skutulsfirði, útivistarsvæði og gönguleið
- Gististaðir, verslanir og veitingahús


## 2.2 Húsnæðisáætlun

Reykjavík Economics hafa unnið húsnæðisáætlun fyrir Ísafjarðarbæ (febrúar 2019).

Áætlunin er skipt í eftirtalda megin kafla:

- Stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu
- Skipulagi og þarfagreiningu
- Markmiðum og aðgerðaáætlun Ísafjarðarbæjar í húsnæðismálum

Í húsnæðisáætluninni koma fram ýmsar lykil forsendur fyrir endurskoðun aðalskipulagsins og mun áætlunin því gegna mikilvægu hlutverki í skipulagsvinnunni.



Mynd 3: Mannfjöldaspa fyrir Ísafjarðarbæ miðað við mismunandi forsendur. (Heimild: Reykjavík Economics)

### 2.3 Umfang breytinga

Gera má ráð fyrir að heildarendurskoðun taki tvö ár frá upphafi vinnunnar, þar til nýtt skipulag liggur fyrir. Gerð er grein fyrir áætluðu umfangi breytinga einstakra þátta aðalskipulagsins hér að neðan.

Líklegar breytingar á einstökum þáttum aðalskipulagsins			
Engin eða óveruleg breyting	Takmörkuð breyting		Umtalsverð breyting
Þáttur	Grunnur	Stefna	Uppdrættir
Staðhættir			
Náttúruvá			
Lífriki & landslag			
Vatn, loft og hljóð			
Óbyggð svæði			
Byggð			
Atvinna			
Félags & velferðamál.			
Útivist, opin svæði			
Veitur og sorp			
Samgöngur			
Friðlandið norðan djúps			

Mynd 4: Áætlun á umfangi breytinga

Gert er ráð fyrir að breytingar verði umtalsverðar varðandi byggð, atvinnu, útivist og opin svæði, veitur og sorp. Auk þess má gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á uppdráttum friðlands norðan Ísafjarðardjúps.

### 3 Aðrar áætlanir

Við endurskoðun aðalskipulagsins verða eftirtaldar áætlanir rýndar með tilliti til áhrifa þeirra á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Eftir því sem við á verða þessar áætlanir felldar inn í aðalskipulagið að einhverju eða öllu leyti.

#### 3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulag var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Í fyrsta sinn liggur fyrir samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til sveitafélaga. Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða byggðapróun og landnotkun á landsvísu og almannahagsmuni. Í landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um skipulagsmál sem ætlað er að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitafélaga, jafnfram að stuðla að sjálfbærri þróun.

Einnig á landsskipulagsstefna að draga fram samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitafélaga um nýtingu lands.

##### 3.1.1 Viðfangsefni og leiðarljós landsskipulagsstefnu

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu um hvernig stjórnvöld skulu vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum

- I. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- II. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- III. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- IV. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Megináherslur fyrir hvert viðfangsefni eru eftirfarandi:

- I. Skipulag á miðhálandi Íslands. Þ.e.a. staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.
- II. Skipulag í dreifbýli. o Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.
- III. Búsetumynstur og dreifingu byggðar. o Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu samþættu skipulagi byggðar og samgangna.
- IV. Skipulag á haf og strandsvæðum. o Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

#### 3.2 Samgönguáætlun 2011-2022

Í lögum um samgönguáætlun segir að innanríkisráðherra leggi á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð skuli stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin.



### 3.3 Rammaáætlun

Rammaáætlun öðlaðist í fyrsta sinn lögformlegt gildi með þingsályktun árið 2013. Með þingsályktuninni lauk 2. áfanga rammaáætlunar, sem staðið hafði með hléum frá árinu 2003. Í þingsályktuninni eru virkjunarkostir flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk.

### 3.4 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. skal umhverfis- og auðlindaráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar.

### 3.5 Umhverfissvottun Vestfjarða (Earth Check)

Árið 2012 gerðust sveitarfélögin á Vestfjörðum aðilar að umhverfissvottunarsamtökunum EarthCheck. Með þessu skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka mið af umhverfinu í öllum sínum ákvörðunum og tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins.<sup>1</sup>

### 3.6 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.<sup>2</sup>

### 3.7 Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Sóknaráætlun Vestfjarða er sértæk byggðaaætlun fyrir Vestfirði og jafnframt samheiti yfir samning landshlutasamtaka sveitarfélaga við hið opinbera um fjármögnun áhersluverkefna sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.<sup>3</sup>

### 3.8 Byggðaaætlun 2018-2024

Byggðaaætlun er lýsing á stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaaætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.<sup>4</sup>

### 3.9 Fjarskiptaáætlun 2019-2023

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna fyrir næstu fimmtán árin. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/umhverfissvottun-vestfjarða>

<sup>2</sup> <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>

<sup>3</sup> <https://www.vestfirdir.is/is/verkefni/soknaraaetlun-vestfjarða>

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/>

<sup>5</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/fjarskipti/fjarskiptaetlun/>

### 3.10 Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

*Kerfisáætlun er ætlað að gefa heildarsýn yfir þróun flutningskerfis raforku á næstu árum. Kerfisáætlanir eru gerðar á grundvelli ákvæða raforkulaga.<sup>6</sup>*

### 3.11 Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum 2019-2023

Hornstrandir voru friðlýstar árið 1975 en stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum tók gildi árið 2019. Leiðarljós áætlunarinnar er: *að vernda víðfeðmt svæði með einstakri náttúru og dýralífi þar sem kyrrð ríkir og innviðir eru ekki áberandi. Á svæðinu skulu náttúrulegir ferlar vera ríkjandi án afskipta manna, með það að leiðarljósi að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þess að upplifa slík svæði.<sup>7</sup>*

### 3.12 Aðalskipulagsáætlanir nágranna sveitarfélaga

- Aðalskipulag Bolungarvíkur
- Aðalskipulag Vesturbyggðar
- Aðalskipulag Súðavíkur
- Aðalskipulag Reykhólahrepps
- Aðalskipulag Strandabyggðar
- Aðalskipulag Árneshrepps

---

<sup>6</sup> <https://framtidin.landsnet.is/langtimaaaetlun/kerfisaetlun-landsnets-2019-2028/>

<sup>7</sup> <https://ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraaetlanir-i-kynningu/fridlandid-a-hornstrondum/>

## 4 Helstu viðfangsefni og áherslur

Leiðarljós skipulagsvinnunnar sem verða helstu viðfangsefni við endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi:

- Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu.
- Hvernig stefna aðalskipulags styður við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu, sérstaklega hvað varðar búsetumynstur, samgöngur og auðlindanýtingu.
  - Aðlögun aðalskipulags að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Þróun þéttbýlis, helstu einkenni einstakra þéttbýlisstaða, samspili þeirra og hlutverkaskiptingu.
  - Íbúáþróun, íbúasamsetning, íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð.
  - Blöndun íbúða við aðra landnotkun.
  - Verslun og önnur þjónusta.
- Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlends.
- Athafna- og iðnaðarstarfsemi.
- Landbúnaðarsvæði og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstri.
- Opin svæði, útivistarsvæði og aðstaða til íþróttaiðkana.
- Samgöngur, vegir og stígar.
  - Þróun samgangna
    - Göngu og hjólaleiðir
    - Reiðleiðir
    - Gatnakerfi í þéttbýli
    - Vegir og jarðgöng (jarðgöng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar)
- Varúðarsvæði og náttúruvá.
  - Flóð, ofanflóð og skriðuföll
- Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs.
- Samræmi við gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.
- Veitur og fjarskipti
  - Í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu. Áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa.
    - Setja þarf fram stefnumörkun fyrir vindmyllur í sveitarfélaginu, bæði litlar vinmyllur á hverri jörð og einnig „vindmyllugarða“ orkufyrirtækja.
    - Yfirfara þarf hvaða ákvæði skuli vera varðandi háspennulínur innan sveitarfélagsins og hvort gert sér ráð fyrir að þær verði í lofti eða lagðar í jörð.
- Vernd vatns, náttúru- og menningarminja.
  - Samráðsferli með hagsmunaaðilum varðandi friðlandið á Hornströndum.
- Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.

## 5 Umhverfismat

Samhliða vinnu við tillögu að endurskoðun aðalskipulagsáætlunarinnar verður unnið umhverfismat í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunnar, en endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar er matsskyld skv. 3.gr. laga nr. 105/2006. Meginmarkmið laganna er: „...að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“

Matið verður hluti af endurskoðuðu aðalskipulagi og mun vinnan við matið nýtast sem hluti stefnumótunar, en lögð er áhersla á að ábyrgðaraðilar aðalskipulagsins taki þátt í vinnslu umhverfismatsins.

Umhverfismatið nær til alls lands Ísafjarðarbæjar og nær til náttúrfars, félagslegra og hagrænna þátta. Einkum verður horft til eftirfarandi þátta:

- Náttúruverndar og friðaðra svæða
- Samgangna
- Áhrifa af auknum komum skemmtiferðaskipa.
- Áhrifa af fiskeldi í sjókvíum.
- Orku og virkjanamöguleika

## 6 Samráð og kynningar

Eitt af markmiðum skipulagsreglugerðar er að tryggja samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Kynning lýsingar þessarar verður samkvæmt 4.2.4. gr. Skipulagsreglugerðar, en kynningarferli aðalskipulags samkvæmt 4.6 gr..

Kynningar og samráð verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, en skipulagslýsing, drög- og tillögur að aðalskipulagi og umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar <https://www.isafjordur.is/>.

Samráð verður haft við eftirtalda aðila, ýmist í formi kynningar- og samráðsfunda eða með ósk eftir umsögn.

Óskað verður umsagna eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar
- Umhverfisstofnunar
- Heilbrigðisnefnd og heilbrigðiseftirlits Ísafjarðarbæjar
- Náttúruverndarnefnda sveitarfélaga á svæðinu
- Hafnarstjórnar
- Vegagerðarinnar
- Isavia
- Kirkjugarðaráðs
- Aðliggjandi sveitarfélaga (Árneshrepps, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Bolungarvíkurkaupstaðar, Vesturbyggðar og Reykhólahrepps)
- Veðurstofu Íslands
- Orkubús Vestfjarða
- Landsnets
- Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps (Hornstrandafriðland)
- Skógræktar Ríkisins

Haft verður samráð við eftirtalda hagsmunaaðila:

- Almenning á svæðinu
- Forsvarsmenn fyrirtækja
- Hagsmunasamtök á sviði atvinnulífs og náttúruverndar.

## 7 Tímaferli og áfangar

Endurskoðun aðalskipulagsins skiptist í þrjá megin áfanga: undirbúningur, vinnsla tillögu og ferli kynninga, samráðs, auglýsingar og afgreiðslu.

Stefnt er að kynningu í lok sumars 2021, en tímaferli er rakið í skýringamynd hér að neðan.



Mynd 5: Tímaferli og áfangar

Stefnt er að gildistöku endurskoðaðs aðalskipulags haustið 2021.